

Blöndulína 3 – Ný efnistökusvæði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 18. nóvember 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um ný efnistökusvæði vegna Blöndulínu 3 samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Húnabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Blöndulína 3 – Ný efnistökusvæði. Landsnet, nóvember 2024

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Húnabyggð dags. 20. desember 2024
- Fiskistofu dags. 18. desember 2024
- Hafrannsóknastofnun 5. desember 2024 og 29. ágúst 2025
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra dags. 20. desember 2024
- Náttúrufræðistofnun dags. 18. desember 2024

Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands veittu ekki umsögn.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 18. ágúst 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í efnistöku á tveimur svæðum í tengslum við fyrirhugaða lagningu Blöndulínu 3, annars vegar 50.000 til 100.000 m³ efnistöku á um 8 ha svæði í landi Bollastaða í Blöndudal hins vegar allt að 25.000 m³ efnistöku á um 2 ha svæði við Svartá í Svartárdal sunnan við bæinn Stafn. Ekki var gert ráð fyrir þessum námum í umhverfismati línunnar árið 2023 sökum þess að efni í fjórum öðrum námum í Svartárdal var talið fullnægjandi (BAN-04, BAN-45, BAN-64 og BAN-101). Í álit Skipulagsstofnunar lagðist stofnunin hins vegar gegn því að þær námur yrðu notaðar vegna mögulegra áhrifa á lífríki og veiði í Svartá.

Í Blöndudal er opin náma, um 1 ha að stærð sem fyrirhugað er að stækka og er gert ráð fyrir 1-2 m þykku vinnslulagi úr sendnum og malarkenndum jökulruðningi og er náman alveg við fyrirhugaða línuleið Blöndulínu 3. Rétt sunnan við bæinn Stafn sunnarlega í Svartárdal er gömul uppgróin áreyri meðfram Svartá þar sem tekið hefur verið efni til fjölda ára. Eyrin er úr möl sem Svartá hefur borið fram í gegnum tíðina en farvegurinn hefur sveigt frá eyrinni og rennur ekki lengur yfir hana, nema í flóðum. Þar af leiðandi hefur myndast þunnur lífrænn jarðvegur ofan á mölinni og er eyrin gróin eða hálfgróin. Á efnistökusvæðinu er gert ráð fyrir um 1-1,5 m þykku vinnslulagi og er náman staðsett rétt sunnan við fyrirhugaða línuleið Blöndulínu 3.



Mynd 1. Yfirlitsmynd úr umhverfismati Blöndulínu 3 þar sem búið er að bæta við nýjum efnistökusvæðunum (brúnir hringir) og sýnir aðalvalkost línunnar þar sem hann fer frá Blöndustöð og yfir Blöndudal, Steinárháls, Svartárdal og áleiðis austur. (Úr greinargerð).

Að efnistöku lokinni verður gengið frá yfirborði lands og jarðvegi, sem er ýtt til hliðar, jafnað yfir svæðið aftur svo að staðargróður eigi auðveldara með að gróa upp að nýju en hluti efnistökusvæðanna, einkum við Bollastaði, er nú þegar ógróinn. Við efnistöku við Svartá verður þess gætt að efnistaka nái ekki út í virkan farveg árinna en að öðru leyti verður fylgt því verklagi og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem tiltekið verður í leyfum vegna lagningar Blöndulínu 3 en sem fyrr segir er fyrirhuguð efnistaka hluti þeirrar framkvæmdar.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets og umsögnum umsagnaraðila.

Vatnalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sunnan Stafns í Svartárdal sé fast við Svartá á gróinni eyri sem standi um 0,5 – 1,5 m ofan við yfirborð árinna. Í Svartá finnast lax, urriði og bleikja og er stunduð stangveiði í ánni. Fram kemur að þó að ekki verði tekið efni úr virkum farvegi Svartár gæti eitthvað grugg borist út í ána, en þar sem jarðvegurinn er svo til hrein mól og sandur og lítið um lífrænt efni þá er það talið minniháttar og staðbundið. Fram kemur að efnistökusvæðið sé 5 km fyrir ofan efsta stað á laxveiðisvæði árinna og á mörkum búsvæðis laxa og því verði áhrif á laxveiði og laxastofn árinna hverfandi ef nokkur. Áin gæti brotið sér leið inn á



eyrina, en vegur og brúarstæði beina rennslinu frá eyrinni svo það yrði tímabundin breyting þangað til að farvegurinn jafnar sig aftur, líklega strax í næstu leysingaflóðum.



Mynd 2. Fyrirhugað efnistökusvæði við Svartá sunnan við bæinn Stafn (Úr greinargerð Landsnets).

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir því hver neikvæð áhrif geti orðið á fiskstofna Svartár vegna efnistöku úr eyrum árinna. Bent er á að þó vissulega sé viðkomandi svæði staðsett við þann hluta árinna þar sem minna er orðið um uppeldi laxaseiða, finnast laxaseiði á þessu svæði. Einnig verður að gera þá kröfu að tekið sé tillit til annarra fisktegunda og annars lífríkis í vatni. Má þar nefna bleikju, sem er að finna á þessu svæði, en stofnstærðir hennar hér á landi hafa minnkað á síðustu árum og því enn mikilvægara að gætt sé vel að stofnunum. Bent er á að miðað við uppgefna hæð eyrarinnar yfir vatnsborði Svartár (0,5-1,5 m) og fyrirhugaðri efnistökuþýpt (1-1,5 m) verði ekki annað séð en að verulegar líkur séu á að áin brjóti sér leið inn á svæðið við aukið rennsli. Mikil hætta er þá á að áin brjóti úr eyrinni með tilheyrandi flutningi á mól og sandi, auk gruggs. Samhliða því gætu orðið breytingar á farvegi og bökkum ofan og/eða neðan efnistökusvæðisins. Áréttað er að við framkvæmdir nærri og í straumvatni, getur áhrifa gætt langt út fyrir framkvæmdastað m.a. neðan efnistökusvæða vegna efnisflutninga, bakkabrots og mögulegra mengandi efna sem berast frá framkvæmdasvæði. Hafrannsóknastofnun telur að framkvæmdaraðili þurfi að gera betri grein fyrir því á hvaða forsendum mat hans sé að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á lífríki Svartár. Einnig hvernig fylgst verði með áhrifunum á framkvæmdatíma og staðið að vöktun á ástandi lífríkis í framhaldinu. Ennfremur þarf að gera grein fyrir hver áhrif framkvæmdanna gætu orðið á vatnsformfræðilega þætti, s.s. efnisskrið og bakkabrot í ljósi mismunandi sviðsmynda.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði sunnan Stafns virðist vera á neðri mörkum búsvæða bleikju og efri mörkum búsvæða laxa. Þéttleiki urriðaseiða við Stafn er svipaður og bleikjuseiða og tvöfaldur á við þéttleika laxaseiða. Þetta er þó ekki mikill þéttleiki, og þéttleiki urriðaseiða í ánni virðist sveiflast mikið milli ára. Neikvæðu áhrif efnistöku felast einkum í truflun á framkvæmdatíma og mögulegu tímabundnu raski á búsvæðum ef svo ólíklega færi að áin færi að renna um eyrina. Þessi áhrif eru þó óveruleg, enda bæði tímabundin og mjög svo staðbundin. Vatnasvið Svartár er 480 km² og heildarlengd fiskgengra áa á vatnasviðinu er 68,6 km. Efnistökusvæðið er um 400 m að lengd sem er um 0,6% af heildarlengd svæðisins og einmitt á svæði sem er ekki virðist kjörsvæði neinnar þeirrar tegundar sem lifir á vatnasviðinu, þ.e. lax, bleikju og



urriða. Þá er bent á að brúarstæði og vegfylling virki nú þegar eins og varnargarður og beini rennsli árinna frá eyrinni og að vesturlandinu þar sem áin hefur grafið sig niður með hlíðinni. Til greina kemur sem mótvægisáðgerð til að minnka líkur enn frekar á að áin brjóti sér leið inn á svæðið, að ryðja upp varnargarð úr efni á árbakkanum til að verja eyrina gegn ánni enn frekar. Þetta yrði eingöngu garður úr efni af svæðinu ætlaður til að verjast ríflegu venjulegu rennsli en ekki stórflóðum. Garðurinn yrði svo jafnaður út í lok framkvæmdatímans.



Mynd 3. Mögulegur varnargarður yrði þar sem gula línan er sýnd (Úr svörum Landsnets við umsögn Hafrannsóknastofnunar).

Þá kemur fram í svörunum að ekki verði breyting á bakka ofan efnistökusvæðisins því vegur og brú Svartárdalsvegur virki eins og varnargarður sem rjúfi öll tengsl við bakka ofan hans. Neðan efnistökusvæðisins eru bakkar árinna háir og farvegurinn þröngur. Svigrúm til breytinga er því afar lítið. Hvað varðar þær forsendur sem liggja að baki því að Landsnet telji að áhrifn verði óveruleg er bent á að eftirfarandi atriði: Efnistökusvæðið er utan við virkan farveg Svartár og ofan við helstu búsvæði laxa og á mörkum þess svæðis sem þeir geta lifað sökum vatnskulda. - Efnistökusvæðið er neðan við helstu búsvæði bleikju - Efnistakan er tímabundin og staðbundin - Efnistökusvæðið er einungis 0,6% af fiskgengu svæði vatnasviðsins.

Landsnet bendir á að á framkvæmdatíma verði viðhaft eftirlit með framkvæmdinni í samræmi við skilyrði sem leyfisveitendur leggja fram. Efnistakan er ekki af þeirri stærðargráðu að Landsnet telji tilefni til að hún kalli á sérstaka vöktun í framtíðinni. Þá telur Landsnet frekar ólíklegt að áhrif framkvæmdanna verði á vatnsformfræðilega þætti s.s. efnisskrið og bakkabrot. Efnistakan verður utan við virkan farveg, er skýlt af Svartárdalsvegi og straumstefna er í átt frá eyrinni og að vesturlandinu. Bakkabrot er náttúrulegur og árviss viðburður í mörgum straumvötnum, sérstaklega dragám sem sveiflast mikið í rennsli eins og Svartá.

Skipulagsstofnun óskaði eftir frekari umsögn Hafrannsóknastofnunar í kjölfar svara Landsnets og kom þar fram að Hafrannsóknastofnun vísi til fyrri umsagnar stofnunarinnar um efnistöku frá 5. desember 2024 og til þeirra sjónarmiða sem þar komi fram. Stofnunin telji að mat á umhverfisáhrifum vegna efnistökkunnar myndi líklega ekki bæta verulega við þá þekkingu sem nú þegar liggja fyrir um möguleg áhrif hennar á lífríki Svartár.

Í umsögn Húnabyggðar er hafnað áformum um efnistöku úr áreyrum Svartár sunnan við bæinn Stafn og þeim tilmælum beint til Landsnets að við framkvæmdir vegna Blöndulínu 3 verði tryggt að engin efnistaka verði úr virkum farvegi vatnsfalla þ.e. í og/eða við straumvatn. Umrætt vatnasvæði hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár hvað varðar afkomu laxfiska og allar framkvæmdir sem geta haft neikvæð áhrif á lífríki vatnasvæðisins eru óæskilegar að mati Húnabyggðar.



Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði sunnan Stafns sé 5 km ofan við laxasvæði Svartár og á mörkum þess að geta talist búsvæði laxa. Neikvæð áhrif á lífríki, einkum laxastofn árinna, ættu því að vera óveruleg. Rétt er að lax í Svartá hefur átt högg að sækja en stofnar annarra laxfiska hafa ekki sýnt sömu þróun. Frá 2008 hefur veiði á bleikju verið þokkalega stöðug og veiði á urriða aukist allra síðustu ár.

Vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistakan fari fram á svæði sem sé innan grunnvatnshlotsins Mið- Norðurland (101-276-G) og verði í nálægð við tvö straumvatnshlot, Blöndu 2 (101-1861-R) og Svartá 1 (101-1620-R). Ástand straumvatnshlotanna er ekki talið í hættu. Álag á þessi vatnshlot er ekki þekkt eða skráð, en ljóst að þau eru í nálægð við landbúnaðarsvæði, vegi og ýmislegt manngert umhverfi. Hins vegar telur Landsnet að með tilliti til staðsetningar, tilhögunar og umfangs efnistökkunnar að áhrif hennar séu ekki til þess fallin að þau leiði til samverkandi áhrifa. Því telur Landsnet að fyrirhuguð tímabundin efnistaka hafi óveruleg áhrif á viðkomandi vatnshlot og breyti ástandi vatnshlotanna ekki þannig að þau leiði til hnignunnar þeirra eða að umhverfismarkmið þeirra haldist ekki.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að af myndum í greinargerðinni að dæma, virðist farvegurinn og árbakkar vera stöðugir á þessu svæði árinna. Mikilvægt er að framkvæmdaraðili geri grein fyrir hvernig tryggt verði að efnisnámið hafi ekki neikvæð áhrif á það.

Í svörum Landsnets kemur fram að við umsókn um framkvæmdaleyfi muni fylgja með áhrifamat m.t.t. vatnshlota á grundvelli laga um vatnamál og þar muni þá m.a. verða gerð grein fyrir verklagi og mótvægisáðgerðum sem ætlað sé til að koma í veg fyrir að gæðapættir vatnshlota skerðist.

Gróður og fuglar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar sé efnistökusvæðið við Bollastaði í að langmestu leyti hraungambravist og mosamelavist sem hafi báðar lágt verndargildi auk þess sem svæðið sé lítt gróið og gróðurhula ósamfelld. Á efnistökusvæðinu við Svartá eru hraungambravist, mosamóavist og flagmóavist ríkjandi vistgerðir og hafa þær allar lágt verndargildi. Áreyrnar eru grónar eða hálfgrónar og örþunnur lífrænn jarðvegur liggur víða ofan á mölinni. Fram kemur að á báðum fyrirhuguðum efnistökusvæðum séu það einkum vaðfuglar sem gætu nýtt þau sem búsvæði en eyrin við Svartá sé mjög lítil og fjöldi fugla sem verði fyrir áhrifum er því sömuleiðis væntanlega mjög lítill og ekki er talið að þær fuglategundir sem sáust við talningar í tengslum við umhverfismat Blöndulínu 3 sé líklegur varpfugl á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Áhrif á fugla verða einkum tímabundin á meðan framkvæmdum stendur, bæði vegna taps á búsvæðum og truflunar.

Landslag og ásjúnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið í landi Bollastaða sé opið og sjónlengdir langar en efnistaka muni þó ekki verða sýnileg frá neinum vegum nema slóðanum sem liggja hjá svæðinu og sé mjög fáfarinn. Svæðið er nú þegar opið efnistökusvæði en mun stækka og ásjúndin verður því svipuð. Fram kemur að efnistökusvæðið sunnan Stafns sé lítið að flatarmáli og neðst í þröngum dal undir háum bakka. Það sést því ekki fyrr en komið er alveg upp að svæðinu. Það sést þó vel frá veginum í stutta stund á meðan keyrt er yfir brúna yfir Svartá. Umferð á Svartárdalsvegi er þó mjög lítil.



5 Skipulag og leyfi

Húnabyggð kynnti vinnslutillögu sumarið 2025 að breytingum á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012-2022 með legu Blöndulínu 3 og nýjum efnistökusvæðum vegna framkvæmdarinnar og er fyrirhugað efnistökusvæði við Stafn tilgreind þar ásamt efnistökusvæðinu í landi Bollastaða.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Húnabyggðar skv. skipulagilögum. Landsnet mun sækja um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Blöndulínu 3 og mun efnistaka á umræddum svæðum verður hluti af því framkvæmdarleyfi. Framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Afla þarf leyfis Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

6 Niðurstaða

Um er að ræða allt að 125.000 m³ efnistöku á tveimur samtals 10 ha efnistökusvæðum vegna lagningar Blöndulínu 3. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.04 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til ár- og vatnsbakka og kjörlandis dýra, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis og styrks áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla Landsnets vegna Blöndulínu 3 og álit Skipulagsstofnunar frá árinu 2022. Í álitinu komst Skipulagsstofnun m.a. að þeirri niðurstöðu að í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga, m.a. álits í umsögn Hafrannsóknastofnunar, að Landsnet ætti ekki að ráðast í efnistöku á efnistökusvæðum BAN-45, BAN-64 og BAN-101 í Svartá sem væri verðmæt laxveiðiá. Landsnet leggur þess í stað fram þau tvö efnistökusvæði sem eru til umfjöllunar í þessari tilkynningu.

Fyrir liggur að fyrirhuguð efnistaka við Svartá er ekki umfangsmikil, verður tímabundin og mun ekki fara fram úr virkum farvegi árinna heldur á lítt grónum áreyrum við ána. Samkvæmt framlögðum gögnum er fyrirhugað efnistökusvæði um 5 km ofan við laxasvæði Svartár og á efri mörkum búsvæðis laxa auk þess að vera neðan helstu búsvæða bleikju. Þau efnistökusvæði sem Skipulagsstofnun taldi í framangreindu álitinu sínu að ætti ekki að ráðast í efnistöku á voru öll á laxasvæði árinna, það næsta í um 6 km fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði sunnan Stafns og að því leyti til voru önnur sjónarmið höfð til hliðsjónar en eiga við í tilfelli fyrirhugaðrar efnistöku. Hins vegar er ekki útilokað, þrátt fyrir þær aðstæður sem lýst er í framlögðum gögnum Landsnets, að áin brjóti úr eyrinni með tilheyrandi flutningi á mól og sandi auk gruggs og að neikvæðra áhrifa á vatnalíf kunni að gæta langt út fyrir framkvæmdasvæðið eins og Hafrannsóknastofnun bendir á. Landsnet hefur lagt til að útbúinn verði varnargarður (Mynd 3) til að verja eyrina gegn ánni og telur Skipulagsstofnun að slík mótvægisáðgerð gæti komið í veg fyrir eða dregið úr líkum þess að áin nái að brjóta úr eyrinni með mögulega neikvæðum áhrifum á vatnalíf almennt. Stofnunin telur nauðsynlegt að Landsnet hafi samráð við Hafrannsóknastofnun um fyrirkomulag eða útfærslu á slíkum garði og eftir atvikum aðrar aðgerðir sem stofnunin kann að leggja til. Landsnet þarf að leggja



aherslu á við verktaka að ekki sé farið með vinnuvélar út í virkan farveg Svartár og að efnistaka verði ekki undir neinum kringumstæðum úr þeim hluta árinna. Niðurstöður um aðgerðir og verklag við efnistöku ættu að rata inn í leyfi sem framkvæmdin er háð auk þess sem liggja þarf fram við leyfisumsókn áhrifamat á eðlisefnafræðilega, efnafræðilega, vistfræðileg og vatnsformfræðilega gæðaþætti í samræmi við lög um vatnamál.

Ljóst er að fyrirhuguð efnistaka bæði í landi Bollastaða og við Svartá er utan verndarsvæða og ekki er um að ræða vistgerðir sem verða fyrir raski sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Samkvæmt framlögðum gögnum eru ekki varpsvæði fugla á efnistökusvæðunum sem verða fyrir raski en hins vegar liggur fyrir að fuglar verða fyrir ónæði á meðan á efnistökunni stendur. Í ljósi þessa verða neikvæð áhrif á gróður og fugla óveruleg. Varðandi áhrif efnistökusvæðanna á landslag og ásjúnd hefur og er efnistaka stunduð í landi Bollastaða þannig að áhrif efnistöku á yfirbragð svæðisins eru að nokkru leyti komin fram þó að náman verði sýnilegri við allt að 100.000 m³ efnistöku. Fyrir liggur hins vegar að mjög fáir eiga leið um svæðið sem á einnig við um námuna við Svartá. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að Landsnet leggi áherslu á við verktaka að vanda þurfi til verka við frágang efnistökusvæða og að fyrirtækið hafi eftirlit með að vinnulag og verklag verði í samræmi við vinnureglur Landsnets. Ef vel tekst til ættu áhrif á landslag og ásjúnd ekki að verða -umtalsverð.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. október 2025.

Reykjavík, 8. september 2025

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

